

**Umsögn Náttúrufræðistofu Kópavogs um Skipulagslýsingar fyrir 3. áfanga Arnarnesvegar og Vatnsendahæðar/Vatnsendahvarfs.**

Með bréfum, dagsettum 27.apríl 2021 var farið fram á umsögn Náttúrufræðistofu Kópavogs um skipulagslýsingar vegna byggðar við Vatnsendahæð/Vatnsendahvarf annars vegar og hins vegar 3. áfanga Arnarnesvegar. Þar sem þau svæði sem hér er fjallað um eru samliggjandi, verða athugasemdir okkar um þessar lýsingar nokkuð samhljóða og sendum við þær hér í einu skjali.

Sá áfangi Arnarnesvegar sem hér er fjallað um, tengir saman fyrri áfanga vegarins við Breiðholtsbraut og myndar þannig samgöngutengingu sem léttir á umferð eftir Vatnsendavegi í gegn um Vatnsenda og Kórahverfi. Náttúrufræðistofan fagnar því að við skipulag vegarins sé horft til fjölbreyttra ferðamáta og að þarna skapist tenging sem létti á umferð í gegn um íbúðahverfi.

Vísað er til úrskurðar Skipulagsstofnunar um að þar sem framkvæmdin er farin af stað og lokið er fyrstu áföngum hennar þá uppfylli þegar gert umhverfismat tímaskilyrði og haldi gildi sínu. Annars hefði umhverfismatið fallið úr gildi eftir 10 ár frá árinu 2003 að telja. Í ljósi þess að athuganir í tengslum við umhverfismatið voru gerðar árið 2002 og því orðnar tæpra 20 ára er okkar helsta athugasemd sú að huga þyrfti að endurmati á ákveðnum þáttum sem ætla má að breyst hafi á liðnum tíma. Er þar einkum horft til gróðurfars og hugsanlega fugla. Með tilliti til aukinnar útbreiðslu lúpínu á svæðinu auk trjáa þyrfti að huga að endurmati á stöðu gróðurfars almennt. Þar kemur einnig inn hin mikla aukning byggðar sem orðið hefur á svæðinu á tímabilinu, auk hinnar fyrirhuguðu byggðar sem síðari skipulagslýsingin nær til. Ljóst er að margt hefur breyst frá því að umhverfismatið var gert, byggð aukist mikið og gróðurfar breyst. Af loftmyndum má t.d. sjá að útbreiðsla lúpínu hefur aukist mikið.

Í skipulagslýsingunni fyrir Vatnsendahæð/Vatnsendahvarf er vísað í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, þ.m. markmið 15.1 og lagt til að minnisblað verði gert um náttúrufar á svæðinu. Tekið er undir þetta og í ljósi tilvistar sjaldgæfrar plöntu, blátoppu, sem fannst árið 2002, þá verði staðan endurmetin. Með því fæst endurnýjuð sýn á ástand gróðurfars á svæðinu almennt og hægt verður að gera endurmat á hugsanlegum viðbrögðum.



Finnur Ingimarsson

forstöðumaður